

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 907 (16.5.2019) - Starfs- og fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun 2021-2023

Málsnúmer : 201905027

Málsaðili : Fjármála- og stjórnsýslusvið

Niðurstaða (stutt) : Samþykkt

Fundardagur : 16.05.2019

- Inngangur** : a) Farið yfir tillögu að tímaamma vegna starfs-og fjárhagsáætlunar 2020-(2023). Samkvæmt tímamma hefst vinnan í maí og lýkur með síðari umræðu í sveitarstjórn 18.nóvember 2019.
b) Lögð fram tillaga að auglýsingu vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2020 þar sem auglýst er eftir erindum, umsóknum, tillögum og ábendingum íbúa, félagasamtaka og fyrirtækja í Dalvíkurbyggð um mál sem varða gerð fjárhagsáætlunar. Skv.tillögunni er gert ráð fyrir að skrifleg erindi berist í síðasta lagi mánudaginn 2.september 2019.
- Niðurstaða** : a) Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum framlagðan tímaamma að starfs-og fjárhagsáætlun 2020-(2023).
b) Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum tillögu að auglýsingu vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2020 og að auglýsingin verði birt á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.